Hafnarfjörður

Hafnarfjörður, 18. 11. 2026
2603253 AMT

Umsögn skipulags

Vegna: Umsögn skipulags, Lækjarberg 36
Umsækjandi sækir um að nýju með fyrirspurn hvort byggja megi hús sem er 3x5m með lofthæð 2,5 í samræmi við núgildandi skipulag. Umsækjandi leggur fram teikningu af fyrirhugaðri byggingu sem væri 4x6,2m. mundi sú hlið er snýr að núverandi húsinu verður gluggalaus og mun standa sem löggiltur eldvarnarveggur. Vegna stærðar lóðar getur fjarlægð frá íbúðarhúsi verið allt að 6 metrar en samkvæmt teikningu er hún 3 m. Teikning sem vísað er í fylgir ekki fyrirspurninni.

Áður var sótt er um með fyrirspurn dags 10. mars eftir leyfi til að gera 37m2 byggingarreit innan lóðar fyrir hús.

Staðsetning:



Af kortavefnum



Gildandi deiliskipulag



Fyrirspurnar tillaga

Skipulagsleg staða: Í gildi er deiliskipulag sem öðlaðist gildi 1988
Umsögn:
Eins og í fyrri fyrirspurn felur erindið í sér að óskað er eftir að gerður verði nýr byggingarreitur á lóð nú fyrir 24,8 m2 hús. Í gildandi deiliskipulagi er ekki gert ráð fyrir slíkum auka byggingarreit né sjálfstæðri viðbótarbyggingu á lóðum í hverfinu.
Yfirbragð byggðarinnar neðan Hlíðarbergs einkennist af því að á hverri lóð er ein bygging með innbyggðum bílgeymslum ekki eru heimild í deiliskipulagi fyrir viðbótar byggingu eins og óskað er eftir. Væri slík viðbótar bygging á lóðinni í ósamræmi við byggðarmynstur hverfisins og karakter.
Engar forsendur hafa breyst frá fyrri fyrirspurn og skilmála sem umsækjandi vísar í um 15m2 hús í umsögninni er úr byggingarreglugerð og fjalla um smáhýsi en eins og fram kom í fyrri umsögn er heimilt skv. grein 2.3.5 í byggingarreglugerða að byggja 15m2 smáhýsi á lóð án byggingarleyfis en með skilyrðum. Þessi smáhýsi eru ekki ætluð fyrir gistingu né búsetu og eru án hita almennt ætluð undir geymslu garðáhalda o.þ.h.

Niðurstaða: Neikvætt er tekið í erindið.

Anna Margrét Tómasdóttir
Verkefnastjóri umhverfis- og skipulagssviðs